



Alþingi Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10.12.2014
Tilvísun: 201411-0029

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum (aldurstengd örorkuuppbót), 35. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, 35. mál.

Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 21. gr. laganna þess efnis að þeir örorkulífeyrisþegar sem fá greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur fái hana einnig eftir að þeir ná 67 ára aldri og fá greiddan ellilífeyri. Markmið breytinganna er að koma í veg fyrir að þeir örorkulífeyrisþegar sem fengið hafa greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur verði ekki fyrir tekjutapi við það eitt að ná 67 ára aldri eins og nú er raunin hjá ákveðnum hópi.

Alþýðusamband Íslands styður markmið breytinganna og telur eðlilegt að horfa til þess að markmið aldurstengdu uppbótarinnar er að bæta kjör þeirra sem orðið hafa öryrkjar snemma á starfsævinni og hafa því haft takmarkaða möguleika á að safna sér upp réttindum í lífeyrissjóðum. Í þessu sambandi er þó bent á að nú stendur yfir vinna við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar í fjölskipaðri nefnd sem áætlað er að skila tillögum til ráðherra á næstunni. ASÍ telur því eðlilegt að umræddar tillögur verði ræddar og settar í samhengi við þá heildarendurskoðun.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Henny Hinz'.

Henny Hinz
hagfræðingur

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Umsögn Landssambands eldri borgara um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 með síðari breytingum. Þingskjal 35- Mál 35.

Landssamband eldri borgara er hlynnt þeim breytingum á lögum um almannatryggingar sem bætt geta hag öryrkja og eldri borgara. Aldurstengd örorkuuppbót hefur ekki fylgt þegar fólk hefur farið á ellilífeyri af örorkubótum. Það teljum við ekki réttlátt og því þarf að breyta. Auk þess hafa skerðingarmörk verið í gangi gagnvart örorkuuppbótinni hvað varðar aðrar bætur almannatrygginga s.s. framfærsluuppbót. Þar eru 100% skerðingar viðhafðar. Við teljum mikla nauðsyn á að einfalda kerfi almannatrygginga og draga úr þeim skerðingum sem þar eru gangvart hinum ýmsu tekjum eða lífeyri sem fólk á rétt á. Tekjutengingar og skerðingarmörk í almannatryggingakerfinu eru allt of mikil og setja lífeyrisþega fasta í fátæktargildru.

Því þarf að gæta þess, ef frumvarp þetta verður samþykkt að allar breytingar sem eiga að vera til bóta hafi ekki áhrif til að skerða aðrar tryggingabætur eða lífeyri.

Reykjavík 17. desember.2014

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (aldurstengd örorkuuppbót), 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 35. - 35. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að aldurstengd örorkuuppbót verði greidd þeim sem hana hafa fengið áfram eftir 67 ára aldur.

MRSÍ styður frumvarpið og telur að það sé réttlætismál að löggjöfin sé þannig úr garði gerð að einstaklingur missi ekki réttindi eingöngu við það að verða ári eldri. Lítið breytist í lífi einstaklinga á þessum tímamótum og mikilvægt er að lögin viðurkenni að einstaklingur sem áður hefur uppfyllt skilyrði almannatryggingalaga til þess að fá greidda aldurstengda örorkuuppbót, aðstæður hans breytast ekki á einni nóttu, þ.e.a.s. á 67 ára afmæli sínu, og því er óeðlilegt að réttindi hans skerðist einungis af þeirri ástæðu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

4.12.2014

Landssamtökin Þroskahjálþ þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar 35 mál Þingskjal 35

Landssamtökin Þroskahjálþ mæla eindregið með því að frumvarpið verði að lögum. Aldurstengd uppbót er hugsuð til að koma sérstaklega til móts við þá sem fá litlar sem engar greiðslur úr lífeyrisjóðum vegna þess að þeir hafa orðið öryrkjar á unga aldri . Með aukinni atvinnuþáttöku kvenna er nú orðið fátítt að fólk fari á ellilífeyri án þess að eiga réttindi úr lífeyrissjóði. Eftir standa þá þeir eftirlaunabegar sem hafa vegna örorku sinnar verið lítið sem ekkert starfandi. Því er eðlilegt að þeir haldi sínni uppbót við upptöku ellilífeyris

Virðingarfyllst

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálþar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík
Sími: 585 9406 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

Reykjavík, 19. desember 2014.

Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar (aldurstengd örorkuuppbót), 35. mál.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands styður öll frumvörp sem leiða til þess að kjör öryrkja og aldraðra á Íslandi batna. Ef frumvarpið leiðir sannarlega til þess að kjör þessara hópa verði betri, styður ráðið frumvarpið.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands minnir samt á mikilvægi þessi að haft sé í huga við frumvarp sem þetta að skoðað sé og þess sé gætt, að aðrar tekjutengingar dragi ekki úr þeim bættu lífskjörum sem með þessu frumvarpi eiga að nást.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

Pétur Magnússon
formaður



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2014

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (aldurstengd örorkuuppbót), þingskjal 35 - 35. mál.

Öryrkjabandalag Íslands lýsir ánægju sinni með þá breytingu, sem lögð er til með frumvarpinu, að ellilífeyrisþegar eigi rétt aldurstengdri örorkuuppbót ef þeir hafa fengið uppbótina greidda fyrir 67 ára aldur, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Breytingin myndi bæta stöðu ellilífeyrisþega sem vegna veikinda, slysa eða fötlunar ná ekki að safna sér réttindum í lífeyrissjóðum og þegar réttindin eru mjög takmörkuð. Á slíkt sérstaklega við um einstaklinga sem fá örorkumat ungir að árum.

Samkvæmt núgildandi lögum missa örorkulífeyrisþegar aldurstengda örorkuuppbótina við 67 ára aldur. Við það eitt að verða 67 ára lækka lífeyrisgreiðslur á grundvelli laga um almannatrygginga nr. 100/2007, þ.e. aldurstengda örorkuuppbótin dettur út og tekjutryggingin lækkar lítillega. Sérstök framfærsluuppbót getur komið til viðbótar til að tryggja heildartekjur upp að framfærsluviðmiði. Í töflu 1. má sjá breytingar sem verða hjá lífeyrisþega, sem fékk fyrsta örorkumatið 26 ára þegar 67 ára aldri er náð í núverandi kerfi. Viðkomandi fengi áfram sömu tekjur úr lífeyrissjóði, eða 15.000 kr. á mánuði, en heildartekjur lækka um tæpar 6.700 kr. á mánuði.

Tafla 1.

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir
Grunnlífeyrir	35.279	35.279
Aldurstengd örorkuuppbót	31.751	0
Tekjutrygging	112.976	111.330
Sérstök framfærsluuppbót	0	26.704
Samtals frá TR	180.006	173.313
Lífeyrissjóður	15.000	15.000

Sérstök framfærsluuppbót er í raun viðbót til að ná ákveðnu lágmarki en hún fær meira vægi hjá ellilífeyrisþegum þar sem aldurstengd örorkuuppbót dettur út. Allar skattskyldar tekjur skerða sérstaka framfærsluuppbót krónu á móti krónu, en sú skerðing á sér ekki stað þegar um aldurstengda örorkuuppbót er að ræða. Frítækjumark vegna lífeyrissjóðstekna nýtist ekki fyrr en sérstaka framfærsluuppbótin hefur fallið út, vegna þess að viðkomandi hefur unnið sér inn **hærri upphæð** en samsvarar sérstöku framfærsluuppbótinni sem er í þessu tiltekna dæmi í töflu 1. kr. 26.704. Frumvarpið ætti því að auka fjárhagslegan hvata til atvinnuþátttöku þeirra einstaklinga sem það varðar og geta nýtt sér starfsgetu sína að einhverju leiti.

Örorkulífeyrisþegar hafa að auki ekki val um að fresta töku ellilífeyris til 72 ára aldurs, eins og aðrir, og hækka þar með greiðslur sínar á mánuði um 0,5% eða 6% á ári, þar sem greiðslum til þeirra er breytt úr örorkulífeyri í ellilífeyri án umsóknar eða viðtals við 67 ára aldur.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ